

**3543. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtudaginn 28. september 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2309157 - Sumarlokapartý, dansleikur á Lighthouse - tækifærisleyfi**

Erindi frá Lighthouse Restaurant ehf. Kirkjubraut 8-10 um tækifærisleyfi vegna sumarlokapartýs, dansleiks 30. september nk.

Gert er ráð fyrir að viðburðurinn verði laugardaginn þann 30. september nk. frá kl. 22:00 til kl. 03:00 aðfaranótt 1. október nk. og að aldurstakmark sé 20 ára og eldri.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu tækifærisleyfis til umsækjanda með fyrirvara um samþykki slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.*

*Samþykkt 3:0*

**2. 2303014 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023**

Mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar.

Tillaga til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 3. mál. Umsagnarfrestur er til 6. október næstkomandi.

Þingskjalið er aðgengilegt á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/alttext/pdf/154/s/0003.pdf>

*Lagt fram.*

**3. 2305108 - Írskir dagar 2023**

Stofnun starfshóps vegna skipulags Írskra daga.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlíð.

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi erindisbréf starfshóps um fjölskylduhátíðina Írskra daga. Eftirfarandi fulltrúar skipa hópinn:*

*Jónína Margrét Sigmundsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður skóla- og frístundaráðs. Guðmundur Ingbór Guðjónsson bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og umhverfisráðs.*

*Liv Aase Skarstad bæjarfulltrúi og aðalmaður í skóla- og frístundaráði.*

Starfsmenn starfshópsins verða:

Vera Guðnadóttir verkefnastjóri menningar- og safnamála, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála og til vara verður Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.

Um vinnu starfshópsins fer samkvæmt reglum um stofnum starfshópa Akraneskaupstaðar frá 26. febrúar 2019 og samkvæmt reglum um laun fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum frá 19. apríl 2019.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn taki til starfa eigi síðar en um miðjan október nk., áfangaskýrslu verði skilað í janúar og lokaafurð fyrir lok apríl 2024.

Samþykkt 3:0

#### 4. 2303108 - Mánaðaryfirlit 2023

Mánaðaryfirlit janúar - júlí.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundir undir þessum dagskrárlíð sem og undir líð nr. 5.

Lagt fram.

#### 5. 2306146 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027

Vinnan við fjárhagsáætlunar ársins 2024 og vegna tímabilsins 2025 til og með 2027.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessu dagskrárlíð.

Lagt fram.

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður framhaldið á næsta fundi bæjarráðs.

Sigurður Páll og Kristjana Helga víkja af fundi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:05.**

Lit Lærudóttir  
Valgerður Sofía  
Ragnar Samundsson  
Harður Þurkell  
Suna Abayasinghe